

**Ed.**

**127. Framvarp**

til laga um heimild fyrir bæjarfjelög og sýslufjelög til þess að taka einkasölu á nauðsynjavörum.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Þar, sem svo hagar til, að siglingateppa getur átt sjer stað einhvern hluta árs vegna hafiss eða annara hindrana, er bæjarfjelögum og sýslufjelögum heimilt að taka í sínar hendur allan innflutning og sölu á nauðsynjavörum, til tryggingar því, að ekki verði skortur á þessum vörum til almenningsþarfa innan takmarka bæjarins og sýslunnar.

2. gr.

Bæjarstjórn og sýslunefnd, hvor í sínu lagi eða á sameiginlegum fundi, þar sem bæjarfjelag og sýslufjelag eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, skulu árlega með samþykkt ákveða, hvort sú heimild verði notuð eða ekki, sem um getur í 1. gr., og hve langan tíma úr árinu. Skal innflutningur miðaður við, að nægilegt sje fyrirbyggjandi af nauðsynjavörum þann tíma árs, sem samþykktin er í gildi.

Bæjarstjórn og sýslunefnd ákveða, hvað teljast nauðsynjavörur samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Áður en ákvörðun er tekin um innflutning og sölu nauðsynjavara

samkv. lögum þessum, lætur bæjarstjórn og sýslunefnd fram fara rannsókn hjá kaupfelögum, kaupmönnum, heilidsölum og brauðgerðarhúsum á birgðum þeirra vara, sem einkasöluheimildin nær yfir.

Nú reynast, að dómi bæjarstjórnar eða sýslunefndar, nægar birgðir fyrirbyggjandi til þess að tryggilegt sje, að þær endist til sölu yfir þann tíma árs, sem siglingateppa getur átt sjer stað. Getur þá bæjarstjórn eða sýslunefnd látið niður falla innflutning og sölu þeirra vara í það skifti.

#### 4. gr.

Þegar bæjarstjórn eða sýslunefnd hefir með samþykkt ákveðið að annast innflutning og sölu nauðsynjavara, er öllum öðrum bannaður innflutningur á þeim vörum til bæjarins eða sýslunnar meðan samþykktin er í gildi.

#### 5. gr.

Nú vill bæjarstjórn eða sýslunefnd fela öðrum innflutning og sölu á vörum þeim, sem um getur í 1. gr., sbr. 2. gr., og getur þá bæjarstjórn eða sýslunefnd samið um innflutning og sölu þeirra við kaupfelög, kaupmenn, beildsala og brauðgerðarhús, sem hafa aðallega haft innflutning á þeim vörum áður, þó því aðeins, að trygging sje fyrir, að nægilegar birgðir verði ætíð fyrirbyggjandi þann tíma árs, sem hætt er við siglingateppu. Getur bæjarstjórn eða sýslunefnd ákveðið, hvað hver innflytjandi megi flytja inn af vörum þessum, enda skiftist innflutningurinn hlutfallslega milli þeirra, sem innflutning annast, miðað við innflutning þeirra á sömu vörum næsta ár á undan.

Til tryggingar því, að verð þeirra vara, sem inn eru fluttar á þennan hátt, verði ekki sett óeðlilega hátt, getur bæjarstjórn eða sýslunefnd ákveðið hámarksverð á vörum þessum, og skal þá miðað við, að hæfilegur verslunarhagnaður fáist af sölu varanna.

#### 6. gr.

Brot gegn 4. gr. varða sektum, frá 200 til 2000 kr., og skal bæjarstjórn eða sýslunefnd leggja sölubann á vörur þær, sem inn hafa verið fluttar, er gildi þangað til innflutningsbann er útrunnið í það sinn.

Brot gegn öðrum ákvæðum þessara laga varða sektum, frá 500 til 5000 kr.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Þær raddir hafa verið uppi, bæði í ræðu og riti, að full nauðsyn væri á að framkvæma ráðstafanir til tryggingar því, að siglingateppa vegna hafíss eða annara orsaka valdi ekki hallæri í þeim hluta landsins, sem veðráttu er hörðust og hafíshættan er mest. Hafa um það mál ritað ýmsir merkir menn, og síðast þeir Torfi Bjarnason skólastjóri og Guðmundur Björnsson landlæknir. Á þinginu

1921 flutti og Pjetur Jónsson ráðherra frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka einkasölu á kornvörum, með það fyrir augum, að landið yrði birgt að kornvörum til tryggingar fyrir fólk og búpening.

Með frv. þessu, ef það verður að lögum, er bæjarfjelögum og sýslufjelögum gefin heimild til að tryggja sig gegn ishættunni, með innflutningi og sölu-ráðstöfunum á nauðsynjavörum, þó á þann hátt, að lítilli eða engri truflun á verslun þeirra myndi valda, ef þær verslanir, sem hafa mesta sölu nauðsynjavara með höndum, vildu taka á sig þá kvöð, sem ráð er fyrir gert í 5. gr. frv. Það verður ekki burt skafið, að sú hætta, sem vofir yfir af völdum siglingateppu, fer vaxandi með ári hverju, eftir því sem meir er bygt á auknum siglingum, sem með einum hriðarbyl geta orðið stöðvaðar um hálfis árs tíma eða lengur á stórum hluta landsins. Fyrir þessa hættu er auðvelt að byggja með því að flytja inn nægilega snemma vetrar, í miðjum nóvember eða fyr, hæfilegan forða af nauðsynjavörum til þess að bjargast á fram á næsta vor, og virðist ekki óeðlilegt, að hlutaðeigandi bæjar- og sýslufjelög önnuðust slíkan innflutning, eða sæju um, að hann yrði framkvæmdur.